

# Fréttapistill frá forseta Íslands

5. nóvember 2019

Í síðustu viku bar hæst í mínum embættisstörfum heimsóknir í Snæfellsbæ og Grundarfjarðarbæ og vísa ég til fregna um þær góðu ferðir á heimasíðunni [www.forseti.is](http://www.forseti.is). Þar má líka finna fjölmargar myndir, undir flípanum Myndasafn og ávörp mín tvö, [https://www.forseti.is/media/5514/2019\\_10\\_30-snb.pdf](https://www.forseti.is/media/5514/2019_10_30-snb.pdf) og [https://www.forseti.is/.../2019\\_10\\_31\\_grundarfjordur.pdf](https://www.forseti.is/.../2019_10_31_grundarfjordur.pdf).

Margt annað dreif þó líka á dagana, móttöku fyrir hestamenn og fleira sem hér er greint stuttlega frá en nánari upplýsingar liggja sem fyrr á heimasíðunni.

Á mánudaginn var ræddi ég við Majed El Shafie sem býr nú í Kanada en hraktist frá heimalandi sínu Egyptalandi eftir að hann snerist frá íslam til kristinnar trúar og galt þess með pyntingum og ofsóknum.

Þriðjudaginn 29. október afhentu þrír nýir sendiherrar trúnaðarbréf sín á Bessastöðum. Sá viðburður er að venju formlegur þótt ekki sé komið með gestina í hestvagni eins og sums staðar tíðkast. Afhending trúnaðarbréfs fer þannig fram að ekið er með sendiherra til Bessastaða. Sendiherrann skráir nafn sitt í gestabók, stundum með nokkrum orðum og árnaðaróskum. Sendiherra gengur svo inn í salinn á Bessastöðum, með prótollstjóra utanríkisráðuneytis sér við hlið, eða staðgengil. Forseti býður þeirra við enda salarins, með forsetaritara á lengdar, eða skrifstofustjóra embættisins. Prótollstjóri mælir síðan þegar þeir sendiherra hafa gengið fram fyrir forseta: „Herra forseti, mér er það sönn ánægja að kynna nýjan sendiherra ... [þess ríkis sem við á, og segir svo nafn hins nýja sendiherra].“

Gesturinn afhendir forseta svo trúnaðarbréf sitt. Þar kemur fram að þjóðhöfðingi ríkisins hafi útnefnt þennan mann til að gegna embætti sendiherra hér. Forseti tekur við trúnaðarbréfinu og sömuleiðis bréfi um að fyrirrennari sendiherrans hafi verið kallaður á brott, lokið störfum sínum á þessum vettvangi.

Forseti býður hinn nýja sendiherra velkominn með nokkrum orðum og þeir tveir eiga svo stuttan fund saman. Þá gefst tækifæri til að fræðast um stöðu mála og framtíðarhorfur í heimalandi sendiherrans og samskipti þess við Ísland. Gagnlegt var því að ræða við þessa þrjá sendiherra á þriðjudaginn; þeir koma frá Gíneu, Namibíu og Palestínu.

Að kvöldi þriðjudagsins lögðum við Eliza svo af stað vestur á Snæfellsnes. Opinber heimsókn okkar í Snæfellsbæ hófst miðvikudagsmorguninn 30. október með innliti í grunnskólann í Ólafsvík en þar sitja nemendur eldri bekkja. Svo héldum við í leikskólann Krílakot og að því loknu kynntumst við starfsemi fiskvinnslunnar Valafells. Þá fórum við í dvalarheimilið Jaðar í bænum og ræddum þar við íbúa, meðal annarra Hilmar Björnsson sem var í áhöfn Hermóðs þegar afi minn, Guðni Thorlacius, var með það góða vitaskip forðum daga.

Undir hádegi var ekið að Hellissandi og snæddur hádegisverður í grunnskólanum þar, með nemendum 1.–4. bekkjar. Þar fengum við fisk og nýjar kartöflur,

herramannsmat. Þá tók við fundur með Kristni Jónassyni bæjarstjóra, fulltrúum bæjarstjórnar og helstu starfsmönnum sveitarfélagsins. Síðan lá leiðin í KG fiskvinnslu í Rifi og eftir það ókum við að Malarrífi. Þar sátum við Eliza málstofu um áskoranir og tækifæri í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi.

Að kvöldi sátum við svo dýrindis kvöldverð á Skerinu í Ólafsvík í boði bæjarstjórnar Snæfellsbæjar og eftir hann var fjölskylduhátíð í félagsheimilinu Klifi þar sem við nutum góðra veitinga og skemmtiatriða.

Við Eliza þökkum kærlega fyrir þá gestrisni sem við nutum í Snæfellsbæ. Íbúar þar eru margir af erlendu bergi brotni og fjölmening er í heiðri höfð. Vel fundum við að útvegur er ennþá ein meginstöð samfélagsins en ferðaþjónusta sömuleiðis. Það er kraftur í fólki á þessum slóðum og ég óska íbúunum alls velfarnaðar.

Ekki voru móttökurnar verri í Grundarfirði. Þangað fórum við að morgni fimmtudagsins 31. október, eftir næturdvöl á Búðum. Fyrst áttum við fund þar með Björgu Ágústsdóttur bæjarstjóra, bæjarfulltrúum og starfsmönnum bæjarins og héldum síðan í grunnskólann og leikskóladeild í sömu byggingu. Í Grundarfirði er útvegur einnig í öndvegi. Við kvöddum blessuð börnin og héldum yfir í fiskvinnsluhús G. Run. og var þar vel tekið á móti okkur, rétt eins og í Valafelli og KG fiskvinnslu daginn áður. Og sama gildi þegar við fengum að fara um borð í Farsæl SH 30. Daginn áður hafði hann komið til hafnar og var á leið til veiða aftur. Skipverjar sýndu okkur landkröbbunum skipið og var gaman að spjalla við þá um heima og geima. Þeir höfðu meðal annars verið á veiðum á miðum sem kallast Herðatré, eftir legu þeirra. Svo er önnur veiðislóð sem heitir Anfield og maður leyfði sér að nefna að þar hlyti nú oft hafa verið ördeyða undanfarin ár – en mikið fiskirí þessa dagana og væntanlega von á mokveiði og gleði 20. maí 2020.

Við kvöddum áhöfnina á Farsæl og óskuðum öllum góðrar og öruggrar sjóferðar. Einhvern veginn þarf að koma fiskafla til kaupenda ytra og í þeim efnum eru þeir drjúgir hjá Ragnari og Ásgeiri. Við litum við þar og fræddumst um þetta öfluga flutningafyrirtæki.

Hádegismaturinn var eins góður þennan daginn og þann fyrri, í matsal Fjölbautaskóla Snæfellinga, á hrekkjavökudegi og voru því nemendur klæddir í furðubúninga, sumir hverjir. Kennarar virtust þó eins klæddir og aðra daga og það má líka segja um vélmanni nokkurt sem þarna rennur um ganga og er notað í fjarkennslu; kennarinn er fýsískt fjarri en líður um á hjólum, með skjá í andlitshæð. Fyrirbærið kallast fjarvera og var gaman að eiga við það orðastað.

Eftir staðgóðan hádegisverð beið klifurhús þeirra Grundfirðinga og hressir skátar þar inni, með Mörtu Magnúsdóttur skátahöfðingja í broddi fylkingar; hún ólst upp á þessum slóðum og kynnti klifurlistina fyrir okkur Elizun, Björgu bæjarstjóra og fleirum. Að því loknu fengum við kaffi með íbúum dvalar- og hjúkrunarheimilisins Fellaskjól, einkarekins bústaðar í bænum. Þá tók við málstofa í Bæringsbúð í Sögumiðstöð Grundfirðinga, um útvegsmál og framtíðarhorfur og bar þar margt fróðlegt á góma. Ekki var síður markvert að líta við í fiskvinnsluhúsunum í Snæfellsbæ og Grundarfirði og sjá alla þá hátækni og nýjungar sem þar ber mest á. Fjórðu iðnbyltingarinnar er heldur betur tekið að gæta í íslenskum fiskiðnaði. Óvíða sést líka eins vel sá mannauður sem við höfum fengið að utan undanfarin ár og

áratugi. Tækin eru flest framleidd hér heima en fólkið við þau er útlent eða með rætur ytra. Án þessa mannafla yrði lítill fiskur unninn á Íslandi.

Í kjölfar málstofunnar um útvegsmál var kaffisamsæti í Sögumiðstöðinni, með tónlist og ræðuhaldi, og síðan lauk þessari ágætu heimsókn með fyrirtaks kvöldverði á Bjargarsteini í bænum.

Í Grundarfirði fundum við sama framfaravilja og samtakamátt og utar á Snæfellsnesi. Undanfarin ár hefur íbúum byggðarlagsins fækkað en því vill forystusveitin þar að sjálfsögðu breyta, með atvinnurekendur og aðra sér við hlið. Í Snæfellsbæ og Grundarfjarðarbæ getur fólki svo sannarlega liðið vel, ekki síst barnafjölskyldum. Í máli mínu á Snæfellsnesi minntist ég á að atvinna er nauðsynleg í hverju sveitarfélagi, undirstaðan sem annað hvílir á. En atvinnan ein skapar ekki blómlegt mannlíf. Í nútímasamfélagi þarf fólk vinnu sem hæfir áhuga þess og menntun en fólk þarf líka að geta eignast þak yfir höfuðið, standi vilji til þess. Heilsugæsla þarf að vera í góðu lagi, einnig menntastofnanir í eða nærri heimabyggð. Svo þurfa samgöngur að vera greiðar þannig að íbúar geti hæglega brugðið sér af bæ öðru hvoru.

Á föstudaginn var gafst nauðsynlegt tóm til að semja næstu ræður og fjölda bréfa, auk annarra anna. Að kvöldi fylgdist ég með Elizu tala máli UN Women með glæsibrag í fjáröflun þeirra í sjónvarpinu. Hvet ég alla, sem það geta, að leggja því góða málefni lið. Nánari upplýsingar má sjá hér: <https://unwomen.is/>.

Síðasta laugardag fékk ég svo heldur betur góða gesti í heimsókn á Bessastaði, landslið hestamanna, forystusveit Landssambands hestamannafélaga og fylgdarlið þessa fríða hóps. Lengi hafði staðið til að heiðra hestamenn fyrir þeirra frábæru frammistöðu á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Berlín í sumar og nú var tækifærið. Landsliðsmenn Íslands í hestaíþróttum eru fyrirtaks fulltrúar lands og þjóðar, kappsamt fólk sem leggur hart að sér og kemur fram með fullum sóma innanlands og utan. Og erfitt er að meta til fjár mikilvægi hestamennsku í landkynningu okkar og ferðaþjónustu – en mikið er það.

Í ávarpi til hestamanna lá beint við að heiðra minningu Sóta, þess sögufræga gæðings Gríms Thomsens sem hann flutti með sér út til Danmerkur og síðan heim og hingað á Bessastaði. Í túninu hér var Sóti heygður og um hann orti Grímur svo vel:

Sanda þylur, sverfur mél,

Sóti mylur grjótið vel,

fótaskilin fljót sem él,

fer sem bylur yfir mel.

Þegar hestamenn voru horfnir á braut á laugardaginn opnaði ég sýningu í Hafnarborg í Hafnarfirði um ævistarf Guðjóns Samúelssonar, húsameistara um árabíl og þess manns sem mótaði öðrum fremur byggingarlist á Íslandi um árabíl. Öll er sú sýning afar fróðlegvel.

Á sunnudag fórum við fjölskyldan í indælan bíltúr upp í Borgarnes, skelltum okkur í sund og tókum svo hraustlega til matar okkar á veitingastað í bænum. Og nú er ný vika vel hafin. Þakkir fyrir lesturinn og njótið dagsins.

(Hér að neðan nokkrar myndir, sú fyrsta af hestamönnum á Bessastöðum svo tvær úr Snæfellsbæ og aðrar tvær frá Grundarfirði en vísast annars til mynda- og fréttasafna á heimasíðu embættisins).